

Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi ses.

Ársreikningur 2018



Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi ses.
Bankavegi
800 Selfoss
kt. 641199-2579

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Fræðslunetsins símenntunar á Suðurlandi ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslunetsins símenntunar á Suðurlandi ses. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjárfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fræðsluneti símenntun á Suðurlandi ses. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fræðslunets símenntunar á Suðurlandi ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.


- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Selfoss 12. júní 2019

Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.



Agnar Páll Ingólfsson

Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er fullorðinsfræðsla á Suðurlandi

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Rekstur ársins 2018

Tap varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 6,4 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 44,1 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 9,1 og launagreiðslur félagsins námu um 91,9 m.kr. á árinu

Fjöldi ársverka hjá félaginu á fyrra ári voru 9,1 og launagreiðslur félagsins námu um 91,5 m.kr. á árinu

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2018, efnahag 31. desember 2018 og breytingu á eigin fé á árinu 2018 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Fræðslunetsins-símenntun á Suðurlandi ses. staðfestir hér með ársreiking félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Selfoss, 12. júní 2019

Stjórn:

Sigursteinn Sigurðsson

Laufey Ósk Magnúsdóttir

Þóðr meir



Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrartekjur			
Sala þjónustu.....		47.298.576	46.488.110
Framlög og styrkir.....		114.442.479	125.127.644
Rekstrartekjur alls		<u>161.741.055</u>	<u>171.615.754</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	4	91.938.765	91.479.658
Annar kostnaður vegna kennslu.....		46.945.237	45.377.912
Rekstur skrifstofu og fasteignar.....		28.108.231	28.602.813
Afskriftir.....	5	2.107.776	3.208.936
Rekstrargjöld alls		<u>169.100.009</u>	<u>168.669.319</u>
Hagnaður (tap) ársins fyrir fjármagnsliði		(7.358.954)	2.946.435
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur.....		1.574.576	1.614.833
Vaxtagjöld.....		(601.982)	(913.800)
Fjármagnsliðir alls		<u>972.594</u>	<u>701.033</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(6.386.360)</u>	<u>3.647.468</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr	2018	2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld		5.284.105	5.959.453
Varanlegir rekstrarfjármunir alls		<u>5.284.105</u>	<u>5.959.453</u>
Fastafjármunir samtals		5.284.105	5.959.453
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		7.956.689	13.442.708
Verðbréf og eignarhlutar		2.660.752	2.613.748
Handbært fé	3	39.915.009	41.526.988
Veltufjármunir alls		<u>50.532.450</u>	<u>57.583.444</u>
Eignir samtals		<u>55.816.555</u>	<u>63.542.897</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé	6		
Bundin stofnframlög		2.660.752	2.613.748
Óráðstafað eigið fé		41.461.605	50.804.969
Eigið fé alls		<u>44.122.357</u>	<u>53.418.717</u>
Skammtímaskuldir			
Lánardrottinnar		8.628.114	7.162.451
Ýmsar skammtímaskuldir	7	3.066.084	2.961.729
Skammtímaskuldir alls		<u>11.694.198</u>	<u>10.124.180</u>
Skuldir samtals		11.694.198	10.124.180
Eigið fé og skuldir samtals		<u>55.816.555</u>	<u>63.542.897</u>

Sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		(6.386.360)	2.747.468
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	2.107.776	3.208.936
Breytingar á eiginfjárreikningum	6	0	365.286
Hreint veltufé (til) frá rekstri		(4.278.584)	6.321.690
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		5.439.015	638.635
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.570.018	(1.685.996)
		7.009.033	(1.047.361)
Handbært fé frá rekstri		2.730.449	5.274.329
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð eigna	5	(1.432.428)	(3.066.606)
		(1.432.428)	(3.066.606)
Fjármögnunarhreyfingar			
Aðrar breytingar		(2.910.000)	0
		(2.910.000)	0
Breyting á handbæru fé		(1.611.979)	2.207.723
Handbært fé í byrjun tímabils	3	41.526.988	39.319.265
Handbært fé í árslok		39.915.009	41.526.988

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Framsetning ársreiknings

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Árið 2017 var fært til gjalda ógreitt styrkloforð. Stefna Fræðslunetsins er að gjaldfæra styrki þegar þeir eru greiddir. Í ljósi þess er gjaldfærsla á ógreiddum styrkjum leiðrétt yfir eigið fé í upphafi árs.

Liður	Var	Verður
Annar kostnaður vegna kennslu	46.277.912	45.377.912
Lánardrottinnar	8.062.451	7.162.451
Afkoma í ársreikningi 2017	2.747.468	3.647.468
Eigið fé í lok árs 2017 / upphafi árs 2018	52.518.717	53.418.717

Ofangreint er gert í samræmi við 4. ml. 13. gr. Laga nr. 3/2006 um ársreikninga

2. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað.

Tekjur ársins	2018	2017
Tekjur af reglulegri starfsemi	47.298.576	46.488.110
Framlög og styrkir	114.442.479	125.127.644
	<u>161.741.055</u>	<u>171.615.754</u>

3. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2018	2017
Laun	73.774.413	73.401.778
Launatengd gjöld	18.164.352	18.077.880
	<u>91.938.765</u>	<u>91.479.658</u>

Skýringar

5. Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar með stíglækkandi út líftíma viðkomandi eignar þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður líftími eigna er metin af stjórn og er hann breytilegur á milli einstakra eigna.

Varanlegir rekstrarfjármunir og endurmat ársins 2018 greinist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	Áhöld og tæki	
		Samtals
Kostnaðarverð 1.1.	38.313.397	38.313.397
Keypt á árinu	1.432.428	1.432.428
Kostnaðarverð 31.12	39.745.825	39.745.825
Uppsafnaðar afskriftir 1.1.	32.353.944	32.353.944
Afskrift ársins	2.107.776	2.107.776
Afskrift samtals	34.461.720	34.461.720
Bókfært verð	5.284.105	5.284.105

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum	Bundin stofnframlög	Óráðstafað eigið fé	Samtals
	Staða 1.1	2.613.748	50.804.969
Ófærð húsaleiga frá fyrri árum		(2.910.000)	(2.910.000)
Breyting bundins framlags	47.004	(47.004)	0
Hagnaður ársins	0	(6.386.360)	(6.386.360)
Staða 31.12	2.660.752	41.461.605	44.122.357

7. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:	2018	2017
Ógreidd launatengd gjöld	3.066.084	2.961.729
	3.066.084	2.961.729

8. Skuldbindingar utan efnahags - styrkloforð

Stefna Fræðslunetsins er að færa til gjalda styrki þegar þeir eru greiddir vegna óvissu um hvort styrkþegi komi til með að nýta sér þá. Í lok árs 2018 voru ógreidd styrkloforð að fjárhæð 900 þús.

9. Önnur mál

Samningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið rann út þann 31.12.2018. Þar sem ekki var búið að gera nýjann samning var gamla samningnum framlengt óbreytt um eitt ár. Stefnt er á að gera nýjann samning á árinu 2019.

Sundurliðanir

10. Rekstrargjöld	2018	2017
Rekstrargjöld greinast þannig:		
Laun og launatengd gjöld		
Laun	73.774.413	73.401.778
Stjórnarlaun	726.792	512.058
Endurgreitt frá Tryggingastofnun	(325.444)	(334.389)
Hlutdeild Háskólafélags Suðurlands	(515.554)	(1.864.664)
Tryggingagjald	5.863.497	5.864.270
Lífeyrissjóður	9.506.298	9.646.445
Sjóðagjöld	2.340.528	3.735.793
Lífeyrisskuldbinding	339.871	310.093
Slysatryggingar	228.364	208.274
	<u>91.938.765</u>	<u>91.479.658</u>
Ársverk	<u>9,1</u>	<u>9,1</u>
Rekstur skrifstofu og fasteignar		
Húsaleiga	14.015.011	12.038.066
Sími og áskriftargjöld	582.389	752.684
Burðargjöld	161.259	174.052
Pappír, prentun og ritföng	1.794.396	3.219.753
Relstur tölvukerfis	2.853.198	4.330.208
Endurmenntun	583.652	872.955
Kostnaður vegna FS nets	1.186.298	1.437.663
Vátryggingar	150.881	144.363
Bifreiðastyrkur	1.590.820	2.084.460
Funda- og ferðakostnaður	2.815.945	1.899.660
Reikningsleg aðstoð	649.760	539.400
Annar kostnaður og ýmis verkefni	1.724.622	1.109.549
	<u>28.108.231</u>	<u>28.602.813</u>
Annar kostnaður vegna kennslu		
Kennsla og námskeiðahald	40.129.399	37.176.062
Kostnaður vegna Vísindasjóðs	381.682	2.114.545
Auglýsingar	370.492	549.598
Ýmis kostnaður vegna námskeiða	1.404.273	974.583
Kostnaður vegna Fjölmenntar	4.486.268	4.563.124
Kostnaður vegna Erasmus	173.123	0
	<u>46.945.237</u>	<u>45.377.912</u>

Sundurliðanir

11. Rekstrartekjur	2018	2017
Rekstrartekjur greinast þannig:		
Sala vöru og þjónustu		
Tekjur af námskeiðum	45.010.086	42.276.130
Ýmsar tekjur	2.288.490	3.699.664
Erasmus	0	512.316
	<u>47.298.576</u>	<u>46.488.110</u>
Framlög og styrkir		
Fræðslum, atvinnulífs, námsleiðir, vottað nám	58.436.197	58.466.700
Menntamálaráðuneytið, grunnframlag	22.700.000	22.700.000
Menntamálaráðuneytið, viðbótarframlag	7.990.000	18.025.000
Menntamálaráðuneytið, íslenska fyrir útlendinga	7.500.000	7.800.000
Fjölmennt skv. samningi	15.600.500	15.500.000
Framlög Vísindasjóðs	1.665.000	1.665.000
FS netið greiðslur sveitarfélaga	550.782	970.944
	<u>114.442.479</u>	<u>125.127.644</u>